

Greinargerð og tillögur starfshóps um skólagöngu
og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti



Reykjavík, október 2006

Efnisyfirlit

1. Aðdragandi og stofnun starfshóps	3
2. Starf og hlutverk starfshópsins	4
3. Inngangur	5
4. Leikskólar og grunnskólar	6
4.1. Móttaka	8
4.2. Foreldrasamstarf	9
5. Ípróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur	11
6. Helstu þættir til athugunar	13
6.1. Tungumálið	13
6.2. Íslenskukennsla barna af erlendum uppruna	13
6.3. Íslenskukennsla foreldra	14
6.4. Aðlögun að íslenskum aðstæðum	15
6.5. Fjölmennning	16
6.6. Samstarf	16
7. Tillögur	18
Heimildir	20

Forsíðumynd: Sjálfsmynd eftir Tam Van Lé, nemanda í 4. bekk í Fellaskóla.

1. Aðdragandi og stofnun starfshóps

Að frumkvæði skólastjóra Breiðholtsskóla og Fellaskóla í Reykjavík var ákveðið að hefja formlegt samstarf um stöðu íbúa af erlendum ættum í Breiðholtshverfi. Í nóvember 2005 var boðað til fundar í Þjónustumiðstöð Breiðholts þar sem skólastjórar og annað fagfólk frá ýmsum stofnunum í Breiðholti kynntu stöðu mála. Fundinn sátu fjölmargir aðilar er málið varðar, m.a. félagsmálaráðherra og borgarfulltrúar. Í framhaldi af fundinum var stofnaður starfshópur sem fjalla átti nánar um þessi mál.

Í starfshópnum eiga sæti:

- Anna Guðrún Júlíusdóttir, deildarstjóri í móttökudeild Breiðholtsskóla,
- Helgi Eiríksson, framkvæmdastjóri félagsmiðstöðvarinnar Miðberg,
- Jónína Lárusdóttir, leikskólastjóri Fálkaborgar,
- Kristín Jóhannesdóttir, aðstoðarskólastjóri Fellaskóla,
- Lúðvíg Lárusson, sálfræðingur hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts,
- Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri Fellaborgar,
- Sigbór Magnússon, skólastjóri Breiðholtsskóla,
- Þorsteinn Hjartarson, skólastjóri Fellaskóla.

2. Starf og hlutverk starfshópsins

Þekking og reynsla þeirra sem sæti áttu í starfshópnum var lögð til grundvallar vinnu hópsins.

Starfshópurinn hittist reglulega á fundum. Vinnan fór fram skólaárið 2005–2006.

Helstu verkefni hópsins voru:

- Að móta tillögur að því með hvaða hætti unnt er að koma betur til móts við þarfir barna af erlendum uppruna og fjölskyldna þeirra með tilliti til félagslífs og skólagöngu.
- Að skilgreina hverjar þessar þarfir eru og gera grein fyrir hvaða þjónusta þarf að standa þessum hópi til boða.

3. Inngangur

Síaukinn fjöldi innflytjenda hér á landi hefur í för með sér miklar breytingar á íslensku samfélagi og því brýnt að opin samræða eigi sér stað í þjóðfélaginu milli þeirra aðila sem starfa að málefnum innflytjenda. Hverjar eru væntingar okkar til nýrra Íslendinga og hvað ætlum við að bjóða þeim? Hvernig ætlum við að auðvelda þeim að uppfylla þessar væntingar okkar? Hverjar eru væntingar innflytjenda til okkar og þess samfélags sem þeir búa nú í? Allt eru þetta spurningar sem þarf að ræða og þessi greinargerð er ákveðið framlag til þeirrar umræðu þrátt fyrir að með henni fái ekki viðhlítandi svör við þessum spurningum. Greinargerðinni er einkum ætlað að varpa ljósi á þann veruleika sem við blasir í hverfi þar sem hlutfall innflytjenda er hátt og hvernig hefur verið brugðist við þessari þróun fram til þessa. Í lok greinargerðarinnar er komið með tillögur sem ætlað er að styrkja þjónustu við innflytjendur á Íslandi og einnig er hugsanlega hægt að hafa þær til hliðsjónar þegar sett er fram heildarstefna í þessum málaflokki.

Í greinargerðinni er *barn af erlendum uppruna og innflytjandi* notað um börn sem eiga erlenda foreldra og hafa ýmist fæðst hér á landi eða flust hingað. Þessi börn eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli og læra því íslensku sem annað eða þriðja tungumál. Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. *Nýbúakennarar* eru þeir kennarar sem hafa sérhæft sig í kennslu nemenda af erlendum uppruna og kenna íslensku sem annað tungumál.

4. Leikskólar og grunnskólar

Ein þeirra stóru áskorana sem skólastjórnendur í Breiðholti standa frammi fyrir er að takast á við málefni nemenda af erlendum uppruna og menningarmun í skólastarfinu. Afar brýnt er að skólastjórnendur taki þessari áskorun fagnandi því með slíku fordæmi ryðja þeir brautina og stíga stórt skref í átt að farsælli skólagöngu nemenda af erlendum uppruna.

Sem kunnugt er, er foreldrum í sjálfsvald sett hvort börn þeirra stundi nám í leikskóla eða ekki. Auk þess er yfirlýst stefna Reykjavíkurborgar sú að mæta óskum foreldra þann tíma sem barn þeirra dvelur í leikskólanum. Þessi stefna borgarinnar veldur þó oft vissum erfiðleikum í samskiptum fulltrúa leikskólans við foreldra af erlendum uppruna. Foreldrarnir leggja á það áherslu að barnið sé í leikskólanum þegar foreldrar eru í vinnu, sem oft er vaktavinna, en heima þess utan. Þeir koma því gjarnan með börn sín á misjöfnum tíma í leikskólann. Það telur fagfólk leikskólanna hins vegar afar óheppilegt og að það bitni á þroska barnanna. Það telur það mjög brýnt að börnin mæti ávallt í skólann strax að morgni svo þau verði ekki af mikilvægum samverustundum sem greiða fyrir tengslamyndun og aðlögun barnsins að hópnum. Leikskólakennarar telja einnig afar nauðsynlegt fyrir máltöku og málþroska barnanna að þau njóti þeirrar kennslu sem fram fer samkvæmt dagskipulagi leikskólans. Markviss málörvun og efling félagsþroska eru tveir viðamiklir þættir í uppeldi barna sem afar æskilegt er að unnið sé með af fagfólki, ekki hvað síst fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Skólaskylda hefst við 6 ára aldur. Til skamms tíma sóttu innflytjendur eldri en 9 ára skóla í svokölluðum móttökudeildum sem starfræktar voru við Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Breiðholtsskóla. Þessir skólar fengu sérstakt fjármagn til deildanna og sérhæfðu sig í því sem lýtur að kennslu og aðlögun þessara nemenda. Með ákvörðun fræðsluyfirvalda um að foreldrar geti valið skóla fyrir börn sín og að hverfisskóli geti að öðru jöfnu ekki hafnað þessum nemendum inngöngu, hefur þetta fyrirkomulag raskast og var frá og með hausti 2006 lagt af. Þessi ákvörðun hefur í för með sér miklar breytingar fyrir skólana þar sem allir skólar verða nú að vera í stakk búnir að uppfylla þarfir þessa nemendahóps. Óneitanlega getur þetta fyrst um sinn valdið ákveðnu óöryggi innan skólanna og gerir kröfu um að innan hvers skóla verði mótuð skýr stefna um móttöku og nám innflytjenda. Lykilatriði er að allir í skólanum öðlist skilning á málefninu og þjálfist í vinnubrögðum sem lúta að þjónustu við þessa nemendur.

Stuðningur við nýbúanemendur í grunnskólum Reykavíkur miðast við fjármagn sem úthlutað er á hvern nemanda. Þetta fjármagn svarar til tveggja og hálfar kennslustundar á viku. Undir þetta tímamagn fellur allur tilfallandi kostnaður sem hlýst af dvöl nýbúans umfram önnur börn í skólanum, þar með talin túlkaþjónusta. Núverandi úthlutunarreglur geta leitt til mismununar þar sem skólar með fjölda nýbúa geta þá samnýtt fjármagn á þann hátt að hver nemandi eigi kost á meiri kennslu en sá sem stundar nám í skóla þar sem hlutfall nýbúa er lágt. Sé nemandi eini nýbúinn í skólanum fær hann aðeins þessar 100 mínútur á viku sem vitanlega er ekki nóg eigi nemandi að tileinka sér nýtt tungumál. Við úthlutun fjármagns til skólanna er mikilvægt að taka aukið mið af því að skólar sem búa við þær aðstæður að hlutfall innflytjenda er lágt eða mjög hátt fái hærri framlög. Við lágt hlutfall nýtist fjármagn til skólans verr en við hátt hlutfall getur mikill fjölbreytileiki innan skólans gert kröfur um aukinn stuðning. Einnig væri ekki óeðlilegt að tekið væri tillit til félagslegrar stöðu í íbúðahverfum þegar fjárveitingar til skóla og stoðþjónustu þeirra eru ákveðnar.

Það er algengt að í skólana innritist innflytjendur á öllum tímum skólaársins. Breytingarnar sem börnin ganga í gegnum við komu sína hingað eru vitanlega miklar og ekki að undra að stundum finni þau til óöryggis, hræðslu og jafnvel sorgar. Til að auðvelda aðlögun barnanna og til að styðja við kunnáttu þeirra í eigin móðurmáli ætti að stefna á, að auk fagmenntaðra nýbúakennara hafi allir nemendur aðgang að kennara sem talar móðurmál þeirra. Með slíkum kennara öðlast nemandinn tengil innan skólans sem talar móðurmál þeirra og getur, auk þess að kenna íslensku, verið nemendum innan handar hvað varðar útskýringar á ýmsum þáttum náms, skólastarfs og daglegs lífs. Tímarnir með stundakennaranum geta jafnt verið hóptímar sem einstaklingstímar og getur hver stundakennari sinnt þessari þjónustu í fleiri en einum grunnskóla hverfisins. Umræddir stundakennarar gegna einnig veigamiklu hlutverki hvað varðar foreldrasamstarf enda verða þeir, líkt og reyndar nýbúakennararnir, oft nokkurs konar ráðgjafar fjölskyldnanna. Kennararnir hafa einnig jákvæð áhrif á félagsleg tengsl innflytjandans við aðra nemendur einkum þegar kemur að þátttöku í félagslífi innan skólans og í félagsmiðstöð. Leikskólabörnum af erlendum uppruna er einnig afar mikilvægt að fá kennara sem sinnir þeim sérstaklega og leiðir þau inn í íslenskuna og venjur samfélagsins. Til þess að það sé mögulegt þarf að veita sérstöku fjármagni til þess verkefnis í fjárhagsáætlunum leikskólanna.

Í skólum þar sem töluð eru fjölmörg tungumál og mismunandi menningarheimar og siðir mætast er nær óumflýjanlegt að upp komi togstreita og óöryggi. Það veltur auðvitað mjög á

ríkjandi viðhorfum innan skólans og skólamenningu hvers skóla hvernig til tekst að vinna úr slíkum málum innan skólasamfélagsins. Skólastjórnendur leikskóla og grunnskóla gegna þarna auðvitað lykilhlutverki. Þeir og annað starfsfólk skólans verður að hugsa í skapandi lausnum og temja sér vinnubrögð sem einkennast af víðsýni, réttlæti og umburðarlyndi. Allir nemendur eiga að finna sig heima í skólanum, þeir eiga að finna þar fyrir velvild og hlýju og vita að í skólanum er skjól og stuðning að finna. Við þær aðstæður tekst okkur að vinna að gagnkvæmri aðlögun innflytjenda og innfæddra í skólanum. En einmitt þessi aðlögun getur verið afar vandasöm og gerir kröfur um að starfsmenn leikskóla og grunnskóla séu naskir á sóknarfæri í starfi sínu með nemendum og nýti reynslu þeirra og þekkingu. Það greiðir fyrir jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu (Kristín Jóhannesdóttir og Þorsteinn Hjartarson 2006).

4.1. Móttaka

Áríðandi er að móttaka nemenda af erlendum uppruna í leikskóla og grunnskóla gangi vel fyrir sig og verði nemendum sem auðveldust. Hver skóli þarf að koma sér upp móttökuáætlun þar sem greint er frá þeim verklagsreglum sem unnið er eftir í þessu sambandi. Við samningu móttökuáætlunar má byggja á reglum um innritun og móttöku erlendra barna sem fjallað er um í ritinu „Innritun og móttaka erlendra barna í grunnskóla Reykjavíkur“ sem Friðbjörg Ingimarsdóttir og Birna Sigurjónsdóttir tóku saman á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur árið 2003. Skólastjóri hvers skóla ber ábyrgð á innritun nemendanna, engu að síður þarf öllum starfsmönnum skólans að vera ljóst hvernig það ferli er í aðalatriðum. Eðlilegt er að formlegt viðtal með nemandanum, foreldrum, umsjónarkennara, nýbúakennara, túlki og skólastjórnendum fari fram auk þess sem farið er í kynnisferð um skólann. Áríðandi er að foreldrar fái upplýsingar um skólastarfið en einnig þarf að kynna foreldrum starfsemi frístundaheimila og tómstundastarf unglunga. Reynslan sýnir að skólinn er gjarnan sú opinbera stofnun sem foreldrar leita einna fyrst til eftir komu sína hingað til lands. Það er þess vegna aðkallandi að foreldrar geti nálgast upplýsingar um íslenskt samfélag á ýmsum tungumálum í skólanum. Einnig væri hugsanlegt að skólarnir gætu beint fjölskyldunum á Þjónustumiðstöð hverfisins þar sem hún hefði þá m.a. það hlutverk að sinna móttöku þessara nýju íbúa í hverfinu og leiða þá fyrstu skrefin í nýju landi.

4.2. Foreldrasamstarf

Innritun erlendra nemenda markar upphaf foreldrasamstarfs og er afar mikilvægt að foreldrar fái jákvæða tilfinningu fyrir skólanum, starfsfólki og skólastarfinu strax í upphafi. Í flestum tilfellum er túlkur grundvallaratriði í foreldrastarfinu til þess að byrja með. Eftir því sem tímar líða og færni foreldra í íslensku eykst verða kennarar sem leiða nýbúastarfið og umsjónarkennari nemandans oft helstu ráðgjafar fjölskyldunnar. Fæstir foreldrar erlendra nemenda sækja á um samstarf við skólann. Þeir líta gjarnan svo á að skólinn hafi ákveðið hlutverk og heimilið annað. Það tekur því oft nokkurn tíma að öðlast traust foreldra en þegar því er náð hefur mikið unnist í samstarfi heimilis og skóla.

Til að fyrirbyggja misskilning og renna traustari stoðum undir farsæl samskipti skólans við heimili erlendra nemenda, þurfa kennarar að þekkja til menningarheims, siða og þeirra venja sem tíðkast í heimalandi nemandans. Kennarar þurfa að sýna skilning og hlusta eftir þörfum nýbúanna og vera fljótir að grípa til aðgerða ef þess er þörf. Eitt af því sem foreldrar hafa oft áhyggjur af er heimanám barnanna. Við getum ekki vænst þess að foreldrar innflytjenda geti veitt börnum sínum aðstoð við heimanám, til þess er kunnátta þeirra í íslensku oft einfaldlega ekki nógu góð. Þess vegna verður grunnskólinn að koma til móts við fjölskyldurnar og sjá til þess að veita nemendum þessa þjónustu helst endurgjaldslaust.

Æskilegt er að tengja foreldra nýbúa við foreldra annarra barna í skólanum. Í þessu sambandi gegna foreldrafélög skólanna stóru hlutverki. Frumkvæði foreldrafélaganna að viðburðum eða samkomum þar sem foreldrar nýbúa eru sérstaklega virkjaðir til samstarfs eru mjög af hinu góða og styrkja samband heimila erlendra nemenda við skólann. Einnig er vert að kalla foreldra barna af erlendum uppruna í skólann í smærri hópum með það að markmiði að styrkja félagsleg samskipti innan foreldrahópsins. Góð félagsleg samskipti foreldra veita nemendum stuðning til að takast á við skólastarfið.

Reynslan sýnir að nemendur af erlendum uppruna eru oft tregir til þess að taka þátt í félagslífi innan skólans og í félagsmiðstöð. Ástæður þess geta legið í mismunandi menningarheimi fjölskyldnanna auk þess sem nemendurnir hafa oft skyldum að gegna heima fyrir. Eigi nýbúar að stunda félagslífið þá þurfa skólar að leggja sig fram um að kynna foreldrum þennan þátt skólastarfsins sérstaklega og hve mikilvægur hann er fyrir tengslamyndun og félagsþroska

nemandans. Slík kynning getur ýmist farið fram með aðstoð túlka eða með upplýsingablöðum á ýmsum tungumálum, sem grunnskólarnir ættu að geta sameinast um.

5. Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur

Sú starfsemi sem fram fer í Frístundamiðstöðinni Miðbergi á vegum ÍTR er valfrjáls og opin fyrir alla sem áhuga hafa, hvort heldur um er að ræða barnastarf eða unglingsstarf. Frístundamiðstöðin þjónar íbúum neðra Breiðholts, Seljahverfis og Fella- og Hólahverfis og er þátttaka barna í starfi félagsmiðstöðvarinnar mismikil eftir hverfishlutum. Kann uppruni og ólík menning barnanna að ráða nokkru þar um. Fram til þessa hefur ekki verið haldið sérstaklega utan um þátttöku barna og unglinga af erlendum uppruna í æskulýðs- og tómstundastarfi. Það er engu að síður mikilvægt að skrá þátttöku þessa hóps með formlegum hætti svo unnt sé að átta sig betur á stöðunni og koma til móts við þarfir þessa hóps. Eftirfarandi ályktanir eru því að mestu byggðar á reynslu og tilfinningu starfsfólks Miðbergs.

Í Meginstefnum og starfsáherslum ÍTR 2005–2010 eru sett fram tvö meginmarkmið hvað varðar þátttöku ungra innflytjenda í starfi hjá ÍTR. Annars vegar skal stefnt að því að innflytjendur verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, hins vegar að ungir innflytjendur geti nýtt sér frístundamiðstöðvar og félags- og tómstundastarf ÍTR til jafns við önnur börn og ungmenni. ÍTR leggur sérstaka áherslu á mikilvægi frítímans sem vettvang fyrir félagsmótun og aðlögun barna og unglinga sem flytjast hingað til lands. Eitt af meginmarkmiðum skrifstofu tómstundamála er að ná til þeirra barna og unglinga sem ekki sinna uppbyggilegum viðfangsefnum í tómstundum sínum. Það er jafnframt brýnt að horfa til þarfa þeirra barna og unglinga sem hafa annað móðurmál en íslensku þar sem góð kunnátta í íslensku flýtir fyrir aðlögun að íslensku samfélagi og eykur á félagsfærni barnanna.

Félagslíf barna og unglinga er mörgum innflytjendafjölskyldum framandi þar sem menningarlegur bakgrunnur er ólíkur og jafnvel ekki hefð fyrir slíku starfi í fyrrum heimalandi þeirra. Mörg barnanna virðast heldur ekki hafa tíma til að stunda félaglíf þar sem tími þeirra er ásetinn bæði hvað varðar heimanám í grunnskólanum auk þess sem sum læra einnig erlendar skólabækur samlanda sinna. Þar við bætist að oft bera börnin ábyrgð innan heimilisins, þurfa t.d. að gæta yngri systkina þar sem foreldrar vinna langan vinnudag.

Ein mikilvægasta forsenda þess að börn af erlendum uppruna geti nýtt sér tómstundatíloboð og frístundáþjónustu ÍTR, sem og annarra aðila, er að þau fái upplýsingar um framboð og kynningu á því starfi sem í boði er. Á undanförunum árum hafa starfsmenn Miðbergs lagt

sérstaka áherslu á kynningarmál fyrir nýbúa um starf Miðbergs, auk þess sem sett hefur verið á laggirnar hópastarf fyrir unglunga þar sem lögð er áhersla á að kynna og hvetja innflytjendur til þátttöku í íþróttá- og tómstundastarfi. Í unglingastarfinu hafa verið gerðar allmargar tilraunir til þess að virkja unglunga af erlendum uppruna og hafa margar þeirra gengið nokkuð vel. Engu að síður er hér um viðkvæman hóp að ræða sem þarf að halda vel utan um.

6. Helstu þættir til athugunar

6.1. Tungumálið

Góð kunnátta innflytjenda í íslensku er megin forsenda þess að þeir aðlagist og blandist íslensku samfélagi. Þess vegna ber að leggja ofuráherslu á íslenskukennslu meðal innflytjenda. Á það jafnt við um kennslu barna og fullorðinna. Það er afar einstaklingsbundið hve langan tíma það tekur innflytjendur að tileinka sér íslensku. Þessu þarf að gera ráð fyrir við úthlutun fjármagns til leikskólanna og grunnskólanna.

Kunnátta og færni einstaklinga í erlendum tungumálum er augljós auður fyrir samfélagið. Þess vegna er rík ástæða til að hvetja foreldra til þess að viðhalda móðurmáli fjölskyldunnar þrátt fyrir flutning frá heimalandi. Sé móðurmáli barnanna ekki viðhaldið er hætt á að samskipti milli foreldra og barna geti orðið takmörkuð og er slíkt talið geta haft neikvæð áhrif á þróun læsis og málfærni í íslensku (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006).

6.2. Íslenskukennsla barna af erlendum uppruna

Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Með kennslu í námsgreininni er stefnt að því að nemendur verði færir um að taka þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006). Til þess að þetta takist er afar brýnt að hver skóli hafi á að skipa kennurum sem hafa haldgóða reynslu og/eða sérmenntun á sviði nýbúakennslu sem leiða starfið innan skólans. Einnig er afar mikilvægt að efla faglega þekkingu á kennslu nemenda af erlendum uppruna, ekki einungis hjá kennurum, heldur hjá öllu starfsfólki leikskóla og grunnskóla. Kynna þarf sérstaklega fyrir kennurum hugmyndafræði og fjölbreyttar aðferðir við að kenna íslensku sem annað tungumál, hvernig hægt er að aðlaga námsefni að þörfum nemenda og hvaða matsaðferðir henta best hverju sinni. Íslenskukennsla innflytjenda, sem hefjast ætti í leikskóla, gerir vitanlega kröfur um einstaklingsmiðaða kennsluhætti, enda einstaklingsmunur innflytjenda jafn mikill og annarra nemenda. Stefna ber

að því að íslenskukennslan verði fjölbreytt og jákvæð upplifun fyrir barnið og ekki einkamál nýbúakennara heldur sameiginlegt verkefni allra þeirra sem með börnunum starfa.

Hafa ber í huga að það felst meira í því að kenna námsgreinina íslensku sem annað tungumál en það að kenna og þjálf tungumálið. Það er ekki síður mikilvægt að nemandinn þjálfist í menningarfærni, geti tekið þátt í hópvinnu, rökstutt mál sitt og aflað sér gagna og upplýsinga svo eitthvað sé nefnt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006). Nauðsynlegt er að þegar nemandi er nýkominn í leikskóla eða grunnskóla hafi hann aðgang að kennara sem talar móðurmál hans. Það veitir honum aukið öryggi í nýju umhverfi og ýtir undir að félagsleg aðlögun gangi vel fyrir sig. Umræddur kennari væri ráðinn sem stundakennari og hefði það hlutverk að ýta nemandanum úr vör út í íslenskunámið, jafnframt því að vera nemandanum og fjölskyldu hans innan handar hvað varðar útskýringar á ýmsum þáttum skólastarfsins og daglegs lífs (sbr. kafla 4. Leikskólar og grunnskólar).

Ein af forsendum þess að nemendum gangi vel að tileinka sér tungumál og reyndar allar námsgreinar, er að þeim standi til boða fjölbreytt námsefni. Enn er allt of lítið til af fjölbreyttu námsefni ætlað innflytjendum sem miðar að því að þjálf hlustun, tal, lesskilning, orðaforða og samtalsfærni. Þar að auki skortir einnig allt námsefni til þess að geta kennt innflytjendum íslensku gegnum aðrar námsgreinar. Afar aðkallandi er að veita stórauknu fé til slíkrar námsefnisgerðar eigi nemendur, sem læra íslensku sem erlent tungumál, að eiga möguleika á því að standa jafnfætis innfæddum í námi.

6.3. Íslenskukennsla foreldra

Margir nemendur af erlendum uppruna sem stunda nám í leikskólum og grunnskólum búa við það að foreldrar þeirra tala litla sem enga íslensku. Öllum innflytjendum ber skylda til þess að sækja tíma í íslensku en það tímamagn sem þeim er ætlað dugar þó sjaldnast. Það liggur í augum uppi að kunnáttuleysi foreldra í íslensku er oft hamlandi fyrir samskipti heimilis og skóla. Þeir geta síður fylgst með námi barna sinna og eiga erfiðara með að fylgjast með félagsfærni þeirra og aðlögun.

Íslenskukennslu foreldra þarf að stórefla, hún eykur sjálfsöryggi og sjálfsvirðingu einstaklingsins og er forsenda aðlögunar á Íslandi. Vel mætti hugsa sér að eftir að foreldrar hafa lokið skyldunámi í íslensku tæki við áframhaldandi nám sem allt eins gæti farið fram innan veggja skólanna. Með því móti kæmu foreldrar inn í skólann, kynntust aðstæðum og hugsanlega starfsfólki betur og væru þá fúsari til að taka þátt í foreldrastarfinu. Einnig væri mögulegt að stórauka tækifæri foreldra til íslenskunáms með því að miðla fræðslu í gegnum sjónvarp og/eða netið. Þeir miðlar nýtast einnig við miðlun upplýsinga og skilaboða milli heimila og skóla.

6.4. Aðlögun að íslenskum aðstæðum

Það fylgir því gjarnan mikið álag að flytjast búferlum frá einu menningarsvæði til annars og hefur hugtakið menningaráfall oft verið notað í þessu sambandi. Mikilvægt er að skilja eðli menningaráfalls svo hægt sé að bregðast skynsamlega við því og draga úr áhrifum þess. Menningaráfall er eins konar sorgarferli sem einstaklingurinn gengur í gegnum í fimm stigum. Til þess að draga úr sorginni og flýta fyrir bata einstaklingsins er nauðsynlegt að hann finni fyrir hlýju viðmóti og skilningi (<http://www.breidholtsskoli.is/fjolmenning/1/Menningarafall/menningarafall.htm>). Þetta þurfa þeir sem koma að vinnu með innflytjendum að vera meðvitaðir um og kappkosta að leggja sitt að mörkum til þess að menningaráfallið vari sem styst. Innflytjendur þurfa einnig sjálfir að vera meðvitaðir um hvaða áhrif slíkt ástand getur haft á dvöl í nýju landi. Það er því brýnt að þeir hafi aðgang að upplýsingabæklingi á móðurmáli sínu um menningaráfall.

Ólíkar uppeldisaðferðir og gildismat foreldra geta valdið auknu álagi á alla aðila. Innflytjendur þurfa að tileinka sér læsi á íslenska menningu og Íslendingar þurfa að efla skilning og umburðarlyndi fyrir bakgrunni þeirra, viðhorfum og gildum. Til þess að aðlögun og blöndun takist sem best milli þessara hópa þurfa innflytjendurnir fyrst og fremst að læra íslensku. Þótt íslenskunám innflytjenda sé lögbundið héraendis vantar enn nokkuð á framkvæmdina. Dæmi eru um að fullorðnir einstaklingar endurtaki byrjendanámskeið og læri þess vegna einungis grunninn. Hér þyrfti Námsmatsstofnun að koma að og standa fyrir mati á íslenskufærni nýbúa svo hægt sé að skipuleggja frekara námsferli ef þurfa þykir. Öll börn í

leikskólum og grunnskólum eiga að hafa jafnan aðgang að stoðþjónustu. Því er mikilvægt að aðlaga vinnuferli og greiningartæki að þörfum barna af erlendum uppruna.

6.5. Fjölmening

Það eitt að í skóla sé hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna gerir skólastarfið ekki fjölmennningarlegt. Það er heldur ekki mælikvarði á hve fjölmennningarlegur skóli er hvort hann heldur árlega fjölmennningarlega hátíð þar sem dregnir eru fram fánar og bornir fram réttir frá ýmsum löndum. Fjölmennningarlegur skóli vinnur út frá fjölmennningarlegum áherslum, þær eru sýnilegar í skólastarfinu og í skólanum sjálfum. Í slíkum skólum er unnið með viðhorf og lífsgildi út frá fjölbreytileika samfélagsins og lögð áhersla á að rækta samkennd með nemendum. Gagnkvæmur skilningur, virðing og umburðarlyndi fyrir menningarlegum bakgrunni, aðstæðum og fjölskylduhögum þarf að vera ríkjandi. Ganga þarf út frá því sem sjálfsögðum hlut að bakgrunnur nemenda sé margvíslegur, þeir komi frá ólíkum menningarsvæðum og að allir hafi sama rétt. Allir eru sérstakir og allir hafa eitthvað fram að færa. Sérstaðan felst ekki einungis í hörundslit, þjóðerni eða tungumáli heldur í öllum þáttum mannlegrar fjölbreytni. Fjölmening er gagnvirk þar sem allir læra af öllum.

Fordómar og kynþáttahatur er lærð hegðun og því er áriðandi að stjórnvöld leggi fram aukið fjármagn til verkefna sem miða að því að vinna gegn hvers kyns fordómum og ójafnrétti. Stíga þarf almenn skref til að efla umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu frekar en að draga fram sérstöðu fólks af erlendum uppruna. Það er farsæl leið til að forvarnir gegn fordómum og einangrun íbúanna skili árangri.

6.6. Samstarf

Öflug skólahverfi eru oftast rík af félagsauði. Þar ríkir gagnkvæmt traust, samkennd, umburðarlyndi og umhyggja fyrir náunganum. Ef félagsauður skólahverfis er hins vegar fátæklegur eru félagsleg tengsl óstöðug, tíðir búferlaflutningar og gisin tengsl milli íbúa, þ.e.a.s. milli barna, unglinga, foreldra og nágretta. Gegn þess háttar tengslaleysi þarf að

vinna af miklum krafti því félagsgerð skólahverfis með slík einkenni ýtir undir frávíkshæðun barna og unglunga (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson 2006). Til þess að styrkja félagsauð skólahverfis er afar mikilvægt að efla félags- og íþróttastarf hjá félögum hverfisins. Íþróttakappleikir og fleira í starfi félaganna efla samkennd og styrkja tengsl manna á milli. Með auknum félagslegum tengslum styrkist samskiptanetið og blöndun ólíkra þjóðarbrota innan hverfisins verður auðveldari. (Kristín Jóhannesdóttir og Þorsteinn Hjartarson 2006).

Skólar eru í lykilstöðu innan samfélagsins og geta ef vel er á málum haldið verið þýðingarmikið breytingaafli í samfélaginu. Ef tekst að styrkja félagsauð innan skólanna með áherslu á skapandi starf, félagslega aðlögun, blöndun og virkni nemenda af erlendum uppruna og aukna þátttöku foreldra þeirra aukast líkur á að hið sama gerist utan veggja skólans. Leikskólar og grunnskólar, íþrótt- og æskulýðsfélög, Borgarbókasafn Reykjavíkur og aðrar stofnanir sem sinna þjónustu við barnafólk í skólahverfinu þurfa að leggja sig fram um að eiga gott samstarf. Slíkt samstarf styrkir tengslanetið og stuðlar að mun betri og markvissari þjónustu við íbúanna.

7. Tillögur

- Ríka áherslu ber að leggja á markvisst íslenskunám fyrir innflytjendur í leikskólum og grunnskólum.
- Veita þarf mun meira fjármagni til íslenskukennslu innflytjenda í leikskólum og grunnskólum og viðurkenna þá staðreynd að einstaklingar eru mismunandi að tileinka sér tungumál.
- Æskilegt er að hver nemandi hafi aðgang að kennara sem talar móðurmál hans og getur verið nemandanum innan handar hvað varðar útskýringar á ýmsum þáttum náms, skólastarfs og daglegs lífs.
- Veita þarf fjármagni til heimanámsaðstoðar fyrir innflytjendur.
- Stórefla þarf fjárveitingar til námsefnisgerðar svo hægt sé að taka saman og láta frumsemja fjölbreytt námsefni til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Hér er um grundvallaratriði að ræða eigi nemendur, sem læra íslensku sem erlent tungumál, að eiga möguleika á að standa jafnfætis innfæddum í námi.
- Efla þarf grunntæknun og símenntun kennara með það að markmiði að þeir verði hæfari að koma til móts við þarfir innflytjenda.
- Íslenskukennslu foreldra/innflytjenda þarf að stórefla, hún eykur sjálfsöryggi og sjálfsvirðingu einstaklingsins og er forsenda aðlögunar á Íslandi. Vel mætti hugsa sér að eftir að foreldrar hafa lokið núverandi skyldunámi í íslensku tæki við áframhaldandi nám sem allt eins gæti farið fram innan veggja skólanna.
- Námsmatsstofnun þarf að útbúa matsgögn til að meta íslenskukunnáttu útlendinga.
- Í Þjónustumiðstöð hverfanna verði komið á móttöku fyrir innflytjendur þar sem gagnkvæmum upplýsingum er miðlað og fólk aðstoðað við að taka fyrstu skrefin í framandi landi.
- Eitt af verkefnum sveitarfélaga verði að brýna fyrir innflytjendum mikilvægi þess að börn á aldrinum 3–5 ára sækja reglulega leikskóla, að þau mæti strax að morgni og njóti þeirrar kennslu sem þar fer fram samkvæmt dagskipulagi.
- Við fjárveitingar til stofnana borgarinnar verði tekið tillit til félagslegrar stöðu íbúa hverfisins.
- Gera þarf ráð fyrir umtalsverðu fjármagni til túlkþjónustu í skólum þar sem hlutfall innflytjenda er hátt.

- Eitt af verkefnum hins opinbera er að sjá til þess að foreldrar hafi aðgang að upplýsingum á móðurmáli sínu um íslenskt samfélag og annað það sem tengist búferlaflutningi. Sú miðlun upplýsinga gæti legið á neti, verið í bæklingum eða á DVD-diskum.
- Styðja þarf sérstaklega við íþrótta- og tómstundaiðkun barna af erlendum uppruna.
- Taka þarf upp markvissa skráningu á þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótta- og tómstundastarfi til þess að geta fylgst með virkni þessa hóps í slíku starfi.
- Huga þarf að nýtingu nútímataækni til að efla upplýsingastreymi milli heimila innflytjenda og skóla.
- Hið opinbera þarf að veita auknu fjármagni til ýmissa verkefna í þágu innflytjenda, svo sem til verkefna sem vinna gegn fordómum og auka jafnrétti.

Heimildir:

Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska sem annað tungumál. Tillögur (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Breiðholtsskóli. Fjölmenningarvefur. Sótt 20. apríl 2006 af <http://www.breidholtsskoli.is/fjolmenning/1/Menningarafall/menningarafall.htm>

Friðbjörg Ingimarsdóttir og Birna Sigurjónsdóttir (2003). *Innritun og móttaka erlendra barna í grunnskóla Reykjavíkur*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur (2005). *Meginstefnur og starfsáherslur ÍTR 2005–2010*

Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (2006). Það þarf þorp ... Félagsgerð grenndarsamfélagsins og frávíkshæðun unglunga. Í *Uppeldi og menntun*, 15. árg. 1. hefti. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Kristín Jóhannesdóttir og Þorsteinn Hjartarson (2006). *111 Reykjavík – vandamál eða tækifæri?* Erindi flutt á Námsstefnu Skólastjórafélags Íslands á Hótel Selfossi 13. október 2006.

